

Ed.

399. Frumvarp til laga

[190. mál]

um að bjarga mjólk frá eyðileggingu í vinnslu þegar verkfall er.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

1. gr.

Heimilt er forstöðumanni mjólkurbús að kveðja til starfa nægilegt vinnuafli $3\frac{1}{2}$ sólarhring eftir að vinnsla mjólkur stöðvast vegna verkfalls, svo að mögulegt sé að bjarga og vinna mjólkina í smjör, ost og undanrennu.

2. gr.

Þær afurðir, sem kunna að verða framleiddar undir aðstæðum í verkfalli, skulu seldar í samráði við heilbrigðisyfirvöld á hverjum stað.

3. gr.

Hver sá, er hindrar með einhverjum hætti af ásettu ráði vinnslu mjólkur við þær aðstæður, er 1. gr. byggir á, skal sæta sektum minnst 100 000 kr. og varðhaldi samkv. hegningarlögum sé um endurtekið brot að ræða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mjólkin hefur um aldir bjargað þúsundum mannlífa á Íslandi frá hungri og dauða. Það eru því óverjandi vinnubrögð og glæpi næst að standa þannig að kjarabaráttu, að mjólk sé hellt niður að óþörfu. Þetta er því hörmulegra þegar hungur sverfur að milljónum manna víða um heim. En við hér á landi getum nú fagnað því, að hungurvofan er flosnuð upp og ætti ekki að eiga afturkvæmt, sé rétt á málum haldið hér innanlands. Sú þjóð, sem misst hefur tugþúsundir manna úr hungri á liðnum öldum, getur ekki verið þekkt fyrir að eyðileggja matvöru, sem þegar er til sem slík vegna átaka aðila, er skilja ekki sinn vitjunartíma. Það má aldrei endurtaka sig að mjólk sé hellt niður á Íslandi. Þess vegna er þetta frumvarp flutt.

Í 1. gr. þessa frv. er forstöðumanni mjólkurbús heimilað að kveðja til nægilegt starfslið svo að takast megi að koma mjólk í gegnum vinnslu og koma þannig í veg fyrir að henni verði hellt niður. Ekki er unnt að kveða svo á að tiltaka ákveðinn fjölda manna, það verður að fara eftir aðstæðum hverju sinni. Hugsanlegt gæti verið að bændur sjálfir kæmu hér til, þar sem þeir eiga mjólkurbúin. Það skal undirstrikað, að þessi heimild er ekki fyrir hendi fyrr en $3\frac{1}{2}$ sólarhring eftir að til stöðvunar kemur, svo þarna er veitt nokkurt svigrúm til að ná sættum í vinnudeilum auk þess tíma sem vonandi hefur verið fyrir hendi áður en til verkfalls kom.

Í 2. gr. er kveðið á um hvernig með skuli fara þær afurðir, er kunna að verða framleiddar. Kröfur eru strangar um gæði við eðlilegar aðstæður og réttmætt er að heilbrigðisyfirvöld fylgist ætíð með gæðunum.

Í 3. gr. er fjallað um sektir, ef menn hindra vinnsluna, og hljóta þær að vera verulegar, ef tilgangur laganna á að nást.

Í 4. gr. er kveðið á um gildistíma, og verður að teljast réttmætt að lögin taki gildi strax, svo að öllum viðkomandi sé kunnugt um ákvæði þeirra.